

Páskapútur

Fréttabréf Delamerkurskóla

Frímínútur vel nýttar!

Emil og Kristbjörn, nemendur í 5. bekk, gerðu sér lítið fyrir um daginn og nýttu frímínúturnar sínar til þess að tína upp rusl. Þeir komu sveittir inn eftir harkið með hálfan ruslapoka af drasli sem hafði legið í nærumhverfi skólans. Þeir hafa lært um mengun, sjálfbærni og náttúruna á þessu skólaári og þeim er greinilega ekki sama um mengunina sem getur hrjád líf framtíðarinnar. Aðspurðir af hverju þeim datt þetta í hug þá svöruðu þeir: „Þegar við vorum að labba í frímínútum þá sáum við svo mikið af rusli þannig að við vildum gera eitthvað í því“. Frábært framtak sem verðskuldaði hrós og var gaman að sjá hversu stoltir þeir voru eftir afraksturinn. Framtíðin er björt!



Árshátíðin 10. apríl

Skemmtilegasti skóladagur ársins er framundan en við státum okkur af glæsilegri árshátíð þar sem nemendur skólans eru öll með hlutverk, ýmist á sviði eða á bak við tjöldin. Mikill lærdómur felst í þátttöku og undirbúningi árshátíðar fyrir nemendur jafnt sem fullorðna. Við hlökkum mikið til dagsins og að deila afrakstrinum og gleðinni með aðstandendum.

Nemendur mæta í skólann á hefðbundnum tíma en sýningin hefst stundvíslega kl. 16:00 í íþróttahúsinu og lýkur kl. 17:30. Enginn heimakstur skólabíla er þennan dag og fara börn heim með foreldrum sínum. Ferðasjóður 9. og 10. bekkjar býður upp á súpu, kaffi og kökur eftir sýningu í matsal skólans.

Miðaverð á sýninguna eru 1500 krónur fyrir aðstandendur 10 ára og eldri. Enginn posi.

Allar upplýsingar um daginn má finna í þessu upplýsingabréfi sem við biðjum foreldra að kynna sér vel.

Námsvitund og fyrirmyndarverkefni

Febrúar var námsvitundarmánuður og unnum við markvisst með námsvitundarorðin átta:

Þrautseigja, einbeiting, samvinna, ímyndunarafl, forvitni, prófaðu, framfarir og ánægja.

Orðin vísa til þess að okkur má mistakast en við prófum aftur og gefumst ekki upp heldur lærum af reynslunni. Við eigum að vera forvitin, taka eftir og spyrja spurninga, leyfa huganum og ímyndunaraflinu að blómstra, finna ávinninginn í samvinnunni, vera kurteis, sýna þolinmæði og aðstoða aðra. Með einbeitingu reynum við að finna leiðir sem henta okkur til náms, vera skipulögð og hugsa verkefnið til enda. Ánægjan vísar til þess að fagna framförum, taka eftir því hvernig þekking, leikni og hæfni í náminu eykst stöðugt.

Námsvitund er lykilþáttur í námi nemenda en hún er skilgreind sem hæfileikinn til að skilja, fylgjast með og stjórna eigin hugsunum og námi. Námsvitund er talin nauðsynleg til að ná árangri og til að efla sjálfstæði og virkni nemenda. Aukin námsvitund er jafnframt talin geta aukið áhuga nemenda á námi þar sem hún leiðir af sér þá tilfinningu að nemendurnir sjálfir hafi margt um eigið nám að segja. Námsvitund er ekki meðfæddur eiginleiki heldur er mikilvægt að kenna hana og þjálfna markvisst.

Út frá námsvitundarvinnunni unnu bæði nemendur og starfsfólk fyrirmyndarverkefni. Með verkefninu þurftu hvert og eitt að velta því fyrir sér hver fyrirmynd þeirra í lífinu væri, af hverju, hvaða eiginleikum þeirra fyrirmyndir búa yfir og hvað gerir góða fyrirmynd að góðri fyrirmynd. Nemendur unnu verkefnið samhliða námsvitundarorðunum en þau munu prýða Torgið á árshátíðardaginn og verða til sýnis þar fyrir gesti og gangandi. Þið megið gjarnan gefa ykkur tíma að skoða fyrirmyndarsýninguna á Torginu eftir árshátíðarsýninguna okkar.



Lærdómsgryfjan

Þegar nemendur lenda í gryfjunni eru þau að læra.

Við gefumst ekki upp.

Við reynum aftur.



Skíðaskólinn

Skíðaskólinn fyrir nemendur í 1.-4. bekk gekk glimrandi vel og náðum við að fara alla þrjá dagana! Ekki skemmdi veðurbliðan fyrir og var dásamlegt að horfa á framfarir barnanna dag frá degi. Skíðaskólinn er verkefni sem við megum svo sannarlega vera stolt af en það hófst fyrir rúmum 10 árum fyrir tilstilli Ingileifar Ástvaldsdóttur, fyrrum skólastjóra Þelamerkurskóla. Þá var skíðaskólinn töluvert smærri í sniðinu en núna þar sem nemendafjöldi á yngsta stigi hefur aukist jafnt og þétt með árunum.

Hérna má sjá myndir frá skíðaskólanum okkar. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir veitta aðstoð en það er gaman að finna og upplifa hversu velviljaður foreldrahópurinn er skólanum. **Takk!**



Lífshlaupið

Lífshlaupið fór fram í febrúar og gerðu nemendur sér lítið fyrir og lentu í 2. sæti í grunnskólakeppninni á meðal skóla sem eru með 90-299 nemendur. Það er einu sæti ofar en í fyrra og því vitum við öll hvert við stefnum á næsta ári!

Nemendur skráðu alla sína hreyfingu í tvær vikur og var metnaðurinn virkilega mikill meðal flestra nemenda. Hreyfing þurfti að vera að lágmarki 60 mínútur á dag svo það myndi telja. Við erum virkilega stolt af nemendum okkar og hlökkum til næsta árs.



5.-6. bekkur með verðlaunagripinn sem skólinn fékk fyrir árangurinn í Lífshlaupinu.

Hvað er framundan í skólastarfinu?

- 8. apríl: Uppsetning á íþróttasal fyrir árshátíð
- 10. apríl: Árshátíð Þelamerkurskóla
- 14.-21. apríl: Páskafrí
- 24. apríl: Sumardagurinn fyrsti
- 29. apríl: Leiksýning á Álfasteini (1.-2. b.)
- 30. apríl: Skólahreysti í íþróttahöllinni
- 1. maí hlaupið á íþróttavellinum á Akureyri
- 2. maí: Foreldratími í dansinum (1.-6. b.)
- 2.-3. maí: Samfestingurinn (Kelikompan)
- 6.maí: Samskóladagur unglíngastígs, Grenivík
- 7. maí: Upplestrarkeppni 7. b. í Laugaborg
- 7. maí: Fiðringur í Hofi (unglíngastig)
- 8. maí: Samskóladagur miðstígs, Stórutjörnum
- 9. maí: Starfsdagur - Frístund lokuð
- 10.-11. maí: Æfingahelgi barnakórs ÞMS
- 19.-22. maí: Skólaferðalag 9.-10. bekkjar
- 28. maí: Vorferð nemenda
- 29. maí: Uppstigningardagur
- 2. júní: Þelamerkurleikarnir
- 3. júní: Vorhátíð og skólaslit



Afrek nemenda okkar teygja anga sína víða

Nemendur okkar eru uppfyllir af hæfileikum og fá að njóta sín á ýmsum sviðum enda leggjum við upp með skapandi skólastarf þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín. Undanfarið hafa nemendur tekið þátt í fjölmörgum keppnum og staðið sig frábærlega! Við óskum þeim öllum til hamingju með góðan árangur og hlökkum til að fylgjast með ykkur blómstra í framtíðinni. Við erum gríðarlega stolt af ykkur!



Árni Þór í 4. bekk var valinn einn af sigurvegum teiknisamkeppni Mjólkursamsölnnar og fékk bekkurinn 40.000 krónur í bekkjarsjóðinn sinn til að gera eitthvað skemmtilegt saman.



Félagsmiðstöðin Kelikompan sendi fulltrúa á Stíl hönnunarkeppni. Þetta er í fyrsta skipti frá upphafi keppinnar sem við eigum fulltrúa þar og eiga þær Efemía Birna Björnsdóttir og Kaja Líf Wilkinson Jónsdóttir risastórt hrós skilið fyrir að taka af skarið.



Arnsteinn Ýmir, Lára Rún, Rafael Hrafn, Tinna Margrét og Sigurður Sölvi tryggðu sér þátttökurétt í söngkeppni Samfés sem fram fer í Laugardalshöll í maí með stórkostlegri frammistöðu á NorðurOrgi þar sem fjölmörg atriði kepptu um fimm laus sæti.

Tónlistarlíf í Þelamerkurskóla

Í Þelamerkurskóla leggjum við ríka áherslu á að nemendum standi fjölbreytt nám og leikur til boða og er öflugt tónlistarlíf hluti af því. Að sama skapi þykir okkur mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að koma fram á viðburðum skólans s.s. á árshátíðum, litlu jólum, upplestrarhátíðum, skólaslitum, tónfundum o.fl. Við erum einstaklega lánsöm að nemendur okkar geta sótt nám í Tónlistarskóla Eyjafjarðar en kennarar tónlistarskólans kenna tímana í Þelamerkurskóla sem eru algjör forréttindi. Rúmlega helmingur nemenda við Þelamerkurskóla stundar nám við Tónlistarskólann.

Fyrir utan hefðbundið tónlistarnám eru söngstundir fyrir nemendur í 1.-4. bekk í hverri í viku og reglulegir söngsalir með öllum skólanum. Það er virkilega gaman að heyra sönginn þeirra óma um skólann í hverri viku.

Barnakór Þelamerkurskóla æfir á mánudögum og er fyrir nemendur í 3.-10. bekk. Kórinn hefur verið að gera góða hluti í vetur en þau hafa komið fram á nokkrum stöðum og fengið afar góðar viðtökur. Í maí verður sameiginleg æfingahelgi með barnakór Glerárkirkju en kórarnir munu í kjölfarið halda tónleika í Glerárkirkju sunnudaginn 11. maí.



Tónlistarafrek nemenda okkar

Það er gaman að segja frá því að Lára Rún, trompetleikari, í 10. bekk og Hjördís Emma, harmonikkuleikari, í 7. bekk komust áfram í **Upptakti** sem er tónsmíðakeppni grunnskólanemenda og er samstarfsverkefni MAk og Hörpu. Markmið Upptakts er að stuðla að tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og ungmenni til að semja eigin tónlist. Upptaktur vill með þessu gefa börnum og ungmennum tækifæri á að upplifa eigin tónlist í flutningi fagfólks við kjöraðstæður á tónleikum í Menningarhúsinu Hofi. Við hlökkum til að hlýða á tónverk Láru og Hjördísar í Hofi 27. apríl nk. og óskum þeim velfarnaðar í þessu frábæra verkefni.



Myndir og fréttir

Á heimasíðunni okkar koma reglulega inn nýjar fréttir og myndir af öllu því frábæra og fjölbreytta starfi sem á sér stað í skólanum. Hérna eru nokkrir hlekkir á ef þið misstuð af.



[Vel heppnaður útivistardagur](#)

[Stóra upplestrarhátíðin](#)

[Sprennidagsgleðin](#)

[Endurvinnsluþema og skrímslasmiðja](#)

[Yngsta sig fór á skauta](#)

[Þorrablót 1.-6. bekkjar](#)



Valgreinar 5.-10. bekkur

Síðasta valgreinatímabilið hjá 5.-10. bekk hefst eftir páskafrí en nemendur í 7.-10. bekk eru í valgrein á mánudögum og miðvikudögum en 5. og 6. bekkur er í valgrein á miðvikudögum. Nemendur hafa val um nokkrar valgreinar þar sem áhersla er á list- og verkgreinar, útiveru, sköpun, hreyfingu og hreysti.

Þetta valgreinatímabilið geta nemendur valið um: tækni, skólahreysti, myndlist, textíl, útiskóla, fótbolta, aðstoð á yngsta stigi og borðspil.

Prjónaklúbbur fyrir 5.-10. bekk



Kolla okkar í Kelikompunni býður nemendum í 5.-10. bekk í prjónaklúbb strax eftir skóla á þriðjudögum frá kl. 14-16. Hún er með prjóna og garn fyrir þau sem þurfa. Hvetjum krakkana eindregið til þess að mæta, eiga góða samverustund saman og nýta sér þetta frábæra framtak!



Lausar stöður við Þelamerkurskóla næsta skólaár



Við Þelamerkurskóla eru fjölbreytt störf í boði næsta skólaár. Þið megið gjarnan deila auglýsingunum fyrir okkur og hvetja fólk í kringum ykkur að sækja um í góða skólanum okkar. Stækkandi skóli þarfnast fleira starfsfólks! [Sjá hlekk hér.](#)